

STEFNA

**Lífeyrissjóður bankamanna,
kennitala: 510169-4259,
Skipholti 50B, 105 Reykjavík.**

Gjörir kunnugt: Að lífeyrissjóðurinn þurfi að höfða mál á hendur:

Landsbankanum hf., kt. 471008-0280, Austurstræti 11, 155 Reykjavík; Seðlabanka Íslands, kt. 560269-4129, Kalkofnsvegi 1, 101 Reykjavík; Valitor hf., kt. 500683-0589, Dalshrauni 3, 220 Hafnarfirði; Reiknistofu bankanna hf., kt. 470111-0540, Katrínartúni 2, 105 Reykjavík; Samtökum starfsmanna fjármálafyrirtækja, kt. 550269-7679, Nethyl 2, 110 Reykjavík og íslenska ríkinu, kt. 550169-2829, Arnarhvoli Reykjavík.

I. DÓMKRÖFUR STEFNANDA

Stefnandi gerir þær kröfur á hendur stefndu:

Aðalkrafa:

A.

Að breytt verði samkomulagi stefnanda annars vegar og hins vegar, stefndu Seðlabanka Íslands, Valitor hf., Reiknistofu bankanna hf., Samtaka starfsmanna fjármálafyrirtækja, íslenska ríkisins og Landsbankans hf. er ber heitið „Samkomulag um uppgjör á skuldbindingum aðildarfyrirtækja“, sem gert var á árinu 1997, á þann hátt að í lok samkomulagsins komi eftirfarandi viðbótarákvæði nr. I:

„Þrátt fyrir framangreint skulu Valitor hf., Seðlabanki Íslands, Reiknistofa bankanna hf., Samtök starfsmanna fjármálafyrirtækja, íslenska ríkið og Landsbankinn hf. greiða Lífeyrissjóði bankamanna, viðbótargreiðslu vegna samkomulags þessa sem hér segir:

- Valitor hf.: 194.047.248 kr.
- Seðlabanki Íslands: 794.906.783 kr.
- Reiknistofa bankanna hf.: 432.283.014 kr.
- Samtök starfsmanna fjármálafyrirtækja: 7.707.647 kr.
- Íslenska ríkið: 120.874.568 kr.
- Landsbankinn hf.: 4.086.877.469 kr.

Gjaldlagi framangreindra greiðslna er 15 dögum eftir að Lífeyrissjóður bankamanna gerir kröfu um greiðslu.

Landsbankinn hf., Seðlabanki Íslands, Valitor hf., Reiknistofa bankanna hf., Samtök starfsmanna fjármálafyrirtækja og íslenska ríkið bera frá 1. janúar 2015 ábyrgð á skuldbindingum Hlutfallsdeildar Lífeyrissjóðs bankamanna umfram eignir á hverjum tíma í hlutfalli við skuldbindingar vegna sjóðfélaga þeirra í Hlutfallsdeild “

B.

Verði ekki fallist á kröfur stefnanda á hendur stefnda Landsbankanum hf. samkvæmt A-lið aðalkröfu þessarar, þá er í stað hans gerðar sömu kröfur á hendur íslenska ríkinu sem varastefnda. Aðild annarra stefndu helst hins vegar óbreytt.

Fyrsta varakrafa:

A.

Að breytt verði samkomulagi stefnanda annars vegar og hins vegar, stefndu Seðlabanka Íslands, Valitor hf., Reiknistofu bankanna hf., Samtaka starfsmanna fjármálafyrirtækja, íslenska ríkisins og Landsbankans hf. er ber heitið „Samkomulag um uppgjör á skuldbindingum aðildarfyrirtækja“, sem gert var á árinu 1997, á þann hátt að í lok samkomulagsins komi eftirfarandi viðbótarákvæði nr. I:

„Landsbankinn hf., Seðlabanki Íslands, Valitor hf., Reiknistofa bankanna hf., Samtök starfsmanna fjármálafyrirtækja og íslenska ríkið bera frá 1. janúar 2015 ábyrgð á skuldbindingum Hlutfallsdeildar Lífeyrissjóðs bankamanna umfram eignir á hverjum tíma í hlutfalli við skuldbindingar vegna sjóðfélaga þeirra í Hlutfallsdeild.“

B.

Verði ekki fallist á kröfu stefnanda á hendur stefnda Landsbankanum hf. samkvæmt A-lið kröfu þessarar, þá er í stað hans gerðar sömu kröfur á hendur íslenska ríkinu sem varastefnda. Aðild annarra stefndu helst hins vegar óbreytt.

Önnur varakrafa

A.

Að breytt verði samkomulagi stefnanda annars vegar og hins vegar, stefndu Seðlabanka Íslands, Valitor hf., Reiknistofu bankanna hf., Samtaka starfsmanna fjármálafyrirtækja, íslenska ríkisins og Landsbankans hf. er ber heitið „Samkomulag um uppgjör á skuldbindingum aðildarfyrirtækja“, sem gert var á árinu 1997, á þann hátt að í lok samkomulagsins komi eftirfarandi viðbótarákvæði nr. I:

„Þrátt fyrir framangreint skulu Valitor hf., Seðlabanki Íslands, Reiknistofa bankanna hf., Samtök starfsmanna fjármálafyrirtækja, íslenska ríkið og Landsbankinn hf. greiða Lífeyrissjóði bankamanna, viðbótargreiðslu vegna samkomulags þessa sem hér segir:

- Valitor hf.: 194.047.248 kr.
- Seðlabanki Íslands: 794.906.783 kr.
- Reiknistofa bankanna hf.: 432.283.014 kr.
- Samtök starfsmanna fjármálafyrirtækja: 7.707.647 kr.
- Íslenska ríkið: 120.874.568 kr.
- Landsbankinn hf.: 4.086.877.469 kr.

Gjalddagi framangreindra greiðslna er 15 dögum eftir að Lífeyrissjóður bankamanna gerir kröfu um greiðslu.“

B.

Verði ekki fallist á kröfu stefnanda á hendur stefnda Landsbankanum hf. samkvæmt A-lið í kröfu þessari, þá er í stað hans gerðar sömu kröfur á hendur íslenska ríkinu sem varastefnda. Aðild annarra stefndu helst hins vegar óbreytt.

Þriðja varakrafa

Að viðurkennt verði að íslenska ríkið beri ábyrgð frá 1. janúar 1998, gagnvart stefnanda, á lífeyrisskuldbindingum þeirra sjóðfélaga í Hlutfallsdeild stefnanda sem voru starfsmenn Landsbanka Íslands fyrir 1. janúar 1998.

Málkostnaðarkrafa

Í öllum tilvikum krefst stefnandi málkostnaðar úr hendi stefndu samkvæmt mati dómsins eða síðar framlögðum málkostnaðarreikningi lögmanns stefnanda.

II. FYRIRSVAR OG MÁLFLUTNINGSUMBOÐ

Fyrirsvarsmaður Landsbankans hf. er Lilja Björk Einarsdóttir, bankastjóri, [REDACTED]. Fyrirsvarsmaður Seðlabanka Íslands er Már Guðmundsson, bankastjóri, [REDACTED]. Fyrirsvarsmaður Valitor hf. er Viðar Þorkelsson, forstjóri, [REDACTED]. Fyrirsvarsmaður Reiknistofu bankanna hf. er Friðrik Þór Snorrason, forstjóri, [REDACTED]. Fyrirsvarsmaður Samtaka starfsmanna fjármálafyrirtækja er Friðbert Traustason, framkvæmdastjóri, [REDACTED]. Fyrirsvarsmaður íslenska ríkisins er Bjarni Benediktsson, fjármálaráðherra, [REDACTED].

Fyrirsvarsmaður stefnanda er Tryggvi Tryggvason, framkvæmdastjóri, [REDACTED]. Jónas Friðrik Jónsson, lögmaður., [REDACTED] fer með mál þetta fyrir hönd stefnanda.

III. MÁLAVEXTIR

Stefnanda, Lífeyrissjóði bankamanna, var komið á fót með reglugerð sem sett var af bankaráði Landsbanka Íslands í desember 1928 með stoð í 49. gr. laga nr. 10/1928 um Landsbanka Íslands, og hét þá Eftirlaunasjóður starfsmanna Landsbanka Íslands. Þegar Landsbankanum var skipt í viðskiptabanka og seðlabanka með lögum nr. 10/1961 og 11/1961 (og brottfalli laga nr. 10/1928) voru ákvæði um stefnanda felld úr lögum. Byggðist starfsemi stefnanda eftir það á samningsgrunni, einkum sérstökum samþykktum (nefndar reglugerðir til ársins 1999). Bar stefnandi heitið Eftirlaunasjóður starfsmanna Landsbankans og Seðlabankans til 1. janúar 1998, en fékk þá nafnið Lífeyrissjóður bankamanna (hér eftir „Lífbank“ eða „stefnandi“).

Starfsmenn fleiri fjármálastofnanna, en Landsbanka og Seðlabanka, áttu þess kost að gerast sjóðfélagar stefnanda og viðkomandi fjármálastofnanir þá um leið aðildarfyrirtæki að lífeyrissjóðnum. Hlutverk stefnanda hefur ávallt verið að sjá sjóðfélögum, eftirlifandi mökum þeirra og börnum fyrir lífeyri samkvæmt ákvæðum samþykktu hans.

Frá upphafi og til 31. desember 1997 var samkomulag um að aðildarfyrirtæki stefnanda bæru ábyrgð á skuldbindingum hans. Þannig sagði í 5. gr. reglugerðar sjóðsins frá 1. janúar 1988: „Bankarnir bera ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins í hlutfalli við aðild þeirra að sjóðnum, þar til eignir hans nægja fyrir skuldbindingum hans.“ Önnur aðildarfyrirtæki en Landsbanki og Seðlabanki tókust á hendur sambærilega ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins við aðild að honum.

Í apríl 1995 tók við völdum ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks. Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar kom fram að unnið yrði að einkavæðingu á kjörtímabilinu. Breyta átti rekstrarformi ríkisviðskiptabanka og fjárfestingalánasjóða og vinna að sölu ríkisfyrirtækja (dómskjál 3).

Vegna þessara áforma stjórnvalda skipaði bankaráð Landsbankans nefnd um lífeyrismál í október 1995. Nefndin skilaði niðurstöðum í október 1996 og í kjölfarið hófust viðræður um

uppgjör á ábyrgð þeirra lögpersóna sem töldust bera ábyrgð á skuldbindingum stefnanda á þeim tíma og endurskoðun á samþykktum stefnanda. (dómskjal 5).

Ábyrgðaraðilar á skuldbindingum Lífbank á þessum tíma voru: Greiðslumiðlun hf. - Visa Ísland, Landsbréf hf, Lánasýsla ríkisins, Landsbanki Íslands, Fiskveiðasjóður Íslands, Samband Íslenskra bankamanna, Reiknistofa bankanna, Seðlabanki Íslands, Iðnþróunarsjóður og Landsvaki hf. (dómskjal 13).

Framangreindur hópur verður héðan í frá kallaður „ábyrgðaraðilar“. Stefndu í máli þessu samanstanda af framangreindum aðilum eða þeim aðilum sem tekist hafa á herðar skuldbindingar þessara aðila gagnvart stefnanda. Nánar er gerð grein fyrir aðild stefndu í kafla IV, 2.

Framangreindir ábyrgðaraðilar og Lífbank gerðu á árinu 1997 sérstakt samkomulag um uppgjör á ábyrgð stefndu á skuldbindingum þeirra gagnvart stefnanda (hér eftir vísað til sem „Samkomulagið“). Samkomulagið var ekki undirritað, en gerð þess og forsendur liggja fyrir og ekki hefur ekki verið ágreiningur um efni þess á milli stefnanda og stefndu. Var Samkomulagið að finna í viðauka við tillögur að nýjum samþykktum stefnanda sem samþykktar voru af ábyrgðaraðilum og af sjóðfélagafundi 19. júní 1997 (dómskjal 9). Þá var viðaukinn einnig í fyrstu útgáfu samþykktanna frá 26. júní 1997 (dómskjal 10). Samkomulagið er til hagræðis að finna á á sérstöku dómskjali 12.

Inntak Samkomulagsins varðaði tvö atriði:

1. Annars vegar var samið um greiðslu á reiknuðum mismun á eignum og áföllnum skuldbindingum stefnanda.
2. Hins vegar var samið um hækkun á framlagi stefndu í heildariðgjaldi úr 8% í 14,4%, samkvæmt mati á nauðsynlegu heildariðgjaldi til að standa undir réttindum þáverandi sjóðfélaga til framtíðar samkvæmt nýrri reglugerð (II. kafla) (þ.e. kostnaði við lífeyriskerfið).

Þær tryggingafræðilegu forsendur sem Samkomulagið byggði á varðandi uppgjör áfallinna skuldbindinga og hlutdeildar í heildariðgjaldi voru tilgreindar eftirfarandi:

- Ávöxtun yrði 3,5% á ári miðað við vísitölu neysluverðs.
- Almennar launahækkanir yrðu 0,5% á ári umfram hækkun vísitölu neysluverðs.
- Aldursbundnar launahækkanir á starfstíma voru miðaðar við meðaltalslaunamun eftir aldri hjá greiðendum til stefnanda og byggt á upplýsingum frá 1983-1992.
- Aldur við eftirlaunatöku var miðaður við 67 ár.
- Nýting 95 ára reglu skv. II. kafla reglugerðar miðaði við að fjórðungur (25%) myndi nýta sér regluna.
- Dánarlíkur voru byggðar á íslenskum dánar- og eftirlífendatöflum Félags íslenskra tryggingastærðfræðinga miðaðar við árin 1986-1990.
- Örorkulíkur voru miðaðar við danskar örorkulíkur, G-82 reiknigrundvöll danskra líftryggingafélaga, með 40% lækkun örorkutíðni.

- Giftingarlíkur voru miðaðar við hlutfall kvæntra karla í sjóðnum og giftra kvenna skv. þjóðskrá (dómskjal 12).

Markmið aðila með samkomulaginu og nýjum samþykktum var að þáverandi sjóðfélagar yrðu sem heild jafnsettir og fyrir þá breytingu sem fólst í afnámi ábyrgðar stefndu á skuldbindingum stefnanda. Þannig átti peningagreiðsla sem innt var af hendi að duga fyrir áföllnum skuldbindingum stefnanda og hækkun á iðgjaldshluta stefndu átti að tryggja framtíðarréttindi þáverandi sjóðfélaga hjá stefnanda.

Framangreint markmið kom t.d. skýrt fram í greinargerð, Landsbanka Íslands, um endurskoðun lífeyrismála frá október 1996, en þar sagði m.a að það væri grundvallaratriði að skuldbindingar bankans myndu ekki aukast og að réttindi starfsmanna myndu ekki rýrna vegna breytinganna. (dómskjal 5).

Á sama hátt var samkomulagið og breytingarnar kynntar fyrir sjóðfélögum, m.a. af þáverandi stjórnarmönnum stefnanda þeim Kjartani Gunnarssyni, formanni bankaráðs Landsbanka Íslands, og Benedikti Guðbjartssyni, forstöðumanni lögfræðideildar Landsbanka Íslands, á sjóðfélagafundum 29. janúar 1997 og 19. júní 1997. Á þessum tíma skipuðu þrír einstaklingar stjórn sjóðsins, einn tilnefndur af Landsbanka Íslands (Kjartan Gunnarsson), einn tilnefndur af Seðlabanka Íslands (Yngvi Örn Kristinsson) og einn tilefndur af sjóðfélögum (Benedikt Guðbjartsson) (dómskjöl 7 og 8).

Til þess að tryggja lífeyrisréttindi starfsmanna Landsbankans vegna fyrirhugaðrar einkavæðingar bankans var sett sérstakt ákvæði í 11. gr. laga nr. 50/1997 um stofnun hlutafélags um Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands. Ákvæðið var svohljóðandi:

„11. gr.

☐ Ríkissjóður ber ábyrgð á skuldbindingum Landsbanka Íslands gagnvart Eftirlaunasjóði starfsmanna Landsbankans og Seðlabankans og skuldbindingum Búnaðarbanka Íslands gagnvart Eftirlaunasjóði starfsmanna Búnaðarbanka Íslands, sem verða til vegna starfsmanna ríkisviðskiptabankanna áður en rekstur þeirra er yfirtekinn af Landsbanka Íslands hf. og Búnaðarbanka Íslands hf. og til staðar eru samkvæmt reglugerðum eftirlaunasjóðanna eins og þær eru á því tímamarki sem greinir í 3. gr., ef ekki nást á einhverjum tíma samningar um aðra tilhögun. Hið sama gildir um lífeyrisskuldbindingar ríkisviðskiptabankanna aðrar en skuldbindingar gagnvart eftirlaunasjóðunum.

☐ Nú reynir á ábyrgð 1. mgr. og skal þá greiðsluhlutfall ríkissjóðs annars vegar og viðkomandi hlutafélagsbanka hins vegar vera hið sama og hlutfallslegur starfstími viðkomandi starfsmanns hjá hvorum aðila um sig.“

Jafnframt var kveðið á um ábyrgð íslenska ríkisins á skuldbindingum vegna Fiskveiðasjóðs og Iðnþróunarsjóðs í 9. gr. laga um stofnun Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf. nr. 60/1997.

Þann 1. janúar 1998 tók til starfa Landsbanki Íslands hf. sem tók yfir réttindi og skyldur forvera síns Landsbanka Íslands. Sama dag tók til starfa Fjárfestingarbanki atvinnulífsins.

Á árinu 1998, var framkvæmt tryggingafræðilegt mat á skuldbindingum vegna uppgjörs á ábyrgð ábyrgðaraðila m.v. 31. desember 1997, samkvæmt forsendum Samkomulagsins (dómskjal 12). Ábyrgðaraðilar greiddu stefnanda í samræmi við það mat um 6,1 milljarð króna vegna áfallinna skuldbindinga. Þá var iðgjaldahlutfall stefndu hækkað í 14,4% (18,4% í heild með framlagi launþega).

Vegna framangreinds uppgjörs og hlutafjárnvæðingar Landsbankans, þá var starfsemi stefnanda skipt í tvær aðskildar og sjálfstæðar deildir með reglugerð sem tók gildi 31. desember 1997. Önnur deildin nefndist Hlutfallsdeild og var fyrir sjóðfélaga sem hófu störf hjá aðildarfyrirtækjum fyrir 1. janúar 1998, þ.m.t. sjóðfélaga sem við breytinguna voru hættir störfum eða hættir störfum fyrir aðildarfyrirtækin. Þeirri deild var ætlað að veita svipuð réttindi og fyrir afnám ábyrgðarinnar. Hlutfallsdeildin var frá upphafi „lokuð“ fyrir nýjum sjóðfélögum og þannig ljóst að iðgjaldsgreiðendum myndi einungis fækka. Voru 1066 greiðandi sjóðfélagar í Hlutfallsdeild í ársbyrjun 1998 en 155 í árslok 2017.

Hin deildin nefndist Stigadeild og var fyrir starfsmenn sem hófu störf hjá aðildarfyrirtækjum eftir gildistöku breytingarinnar, en þar var grundvöllur lífeyrisréttinda byggður á stigaútreikningi á greiddum iðgjöldum. Til ársloka 1997 áttu sjóðfélagar þess kost að flytja sig (og réttindi sín) úr Hlutfallsdeild í Stigadeild, en um óafturkræfa ákvörðun var að ræða.

Mál þetta varðar Hlutfallsdeild stefnanda sem fer með lífeyrisskuldbindingar sem áður nutu ábyrgðar ábyrgðaraðilanna.

Nokkrum árum eftir gerð Samkomulagsins eða árið 2004 var tryggingafræðileg staða Hlutfallsdeildar orðin neikvæð um 11,8%. Réði þar mestu að launaþróun var langt umfram tryggingafræðilegar forsendur Samkomulagsins.

Þar sem ekki náðist samkomulag um leiðréttingu á stöðu Hlutfallsdeildar stefnanda vegna framangreinds launaskriðs, þá höfðaði hann mál á hendur Landsbanka Íslands hf. og íslenska ríkinu, til vara, árið 2005. Málið var fellt niður í kjölfar samkomulags árið 2006, sem hér eftir verður vísað til sem „Viðbótarsamkomulagið“ (dómskjal 14). Mótaðilar Lífbank að þeim samningi voru: Landsbanki Íslands hf., Seðlabanki Íslands, Reiknistofa bankanna, Greiðslumiðlun hf. og Fjármálaeftirlitið (en hinir síðastnefndu ekki varðandi rekstrarkostnað).

Viðbótarsamkomulagið var gert þann 18. desember 2006 við þá launagreiðendur sjóðfélaga í Hlutfallsdeild þar sem launahækkarnir höfðu orðið meiri en gert var ráð fyrir í Samkomulaginu. Þar sem Samkomulagið frá 1997 tók ekki tillit til þess að Landsbanki Íslands hafði borið rekstrarkostnað stefnanda annan en launakostnað, þá var mælt fyrir um aðkomu aðildarfyrirtækja að greiðslu rekstrarkostnaðar stefnanda.

Inntak Viðbótarsamkomulagsins var efnislega eftirfarandi:

- Ákveðnar voru greiðslur til stefnanda til að bæta umfang launaþróunar umfram forsendur Samkomulagsins 1997, frá 1. janúar 1998 og til loka árs 2005.
- Samþykki launagreiðenda á því að bæta Hlutfallsdeild kostnað vegna launahækkana hjá þeim umfram kjarasamninga bankamanna.

- Þátttaka aðildarfyrirtækja í rekstrarkostnaði sjóðsins með árlegum greiðslum sem væru í hlutfalli við heildarskuldbindingar vegna sjóðfélaga þeirra.

Eftir gerð Viðbótarsamkomulagsins hafa þau aðildarfyrirtæki sem að því stóðu, þ.e. Landsbanki Íslands hf. (nú stefndi, Landsbankinn hf.), Seðlabanki Íslands, Reiknistofa bankanna (nú stefndi Reiknistofa bankanna hf.) og Valitor hf. (áður Greiðslumiðlun hf.) greitt árlega rekstrarframlag til stefnanda (dómskjal 47). Aðildarfyrirtæki eru talin upp í samþykktum stefnanda og hafa ýmis réttindi, s.s. áhrif á stjórnarskipan og samþykktarbreytingar.

Eftir bankahrunið árið 2008 tók stefndi Landsbankinn hf. við aðild Landsbanka Íslands hf. að stefnanda, þ.m.t. Hlutfallsdeild, og hefur m.a. tilnefnt stjórnarmann til setu í stjórn Lífbank frá árinu 2009 (dómskjöl 57 og 43). Jafnframt hefur stefndi Landsbankinn hf. greitt árlega rekstrarframlag til stefnanda og greiddi einnig viðbótarframlag vegna hækkunar launa á árunum 2008-2012 umfram viðmið Samkomulagsins, sbr. ákvæði Viðbótarsamkomulagsins (dómskjöl 45 og 44).

Í kjölfar bankahrunsins, eftir fall Landsbankans hf., reyndi sérstaklega á ábyrgð ríkisins skv. 11. gr. laga nr. 50/1997. Þá viðurkenndi íslenska ríkið að það bæri ábyrgð á lífeyrisskuldbindingum fyrrverandi bankastjóra og aðstoðarbankastjóra Landsbanka Íslands og maka þeirra (dómskjal 51).

Á síðustu árum hefur staða Hlutfallsdeildar stefnanda farið versnandi. Í tryggingafræðilegri úttekt vegna Hlutfallsdeildar m.v. lok árs 2013 var tryggingafræðileg staða deildarinnar orðin neikvæð um 9,7%. Var ljóst að bregðast þurfti við hinni neikvæðu stöðu og var samþykktum stefnanda breytt til skerðingar á réttindum sjóðfélaga í Hlutfallsdeild. Af þeim sökum voru bæði áunnin réttindi í sjóðnum og réttindaöflun til framtíðar lækkuð miðað við lok ársins 2014 í hlutfallinu 1,92/2,125 eða um 9,65% (dómskjal 15).

Í kjölfar skerðingarinnar var rekstur og staða Hlutfallsdeildar tekin til nánari skoðunar af hálfu stefnanda. Í samantekt tryggingastærðfræðings stefnanda frá maí 2015 var sérstaklega bent á þá orsök að lífeyristaka sjóðfélaga hefði almennt hafist fyrr en forsendur Samkomulagsins gerðu ráð fyrir (dómskjal nr. 16).

Í framhaldinu var langstærsta aðildarfyrirtækinu, stefnda Landsbankanum hf., sent bréf þann 13. maí 2015 og óskað eftir að bankinn tæki til skoðunar hvernig hann gæti aðstoðað við lausn vandans (dómskjal 17). Ekkert svar barst sérstaklega við þessu bréfi.

Fjármálaeftirlitið tók til skoðunar tryggingafræðilega stöðu Hlutfallsdeildar stefnanda á vormánuðum 2015 og fór fram á að stefnandi léti gera nýja tryggingafræðilega athugun á stöðu deildarinnar. Sú tryggingafræðilega úttekt var send Fjármálaeftirlitinu þann 7. ágúst 2015 og sýndi að tryggingafræðileg staða deildarinnar væri neikvæð um 2,7% (dómskjal 18). Hefur Fjármálaeftirlitinu síðan verið haldið upplýstu um samskipti stefnanda og stefndu vegna stöðu Hlutfallsdeildar.

Á sjóðfélagafundi Hlutfallsdeildar lífeyrissjóðsins í október 2015 var samþykkt að leita eftir viðræðum við aðildarfyrirtæki Hlutfallsdeildar um leiðréttingu á þeim forsendubresti sem

sjóðfélagar hefðu orðið fyrir. Var fjallað um fundinn og stöðu Hlutfallsdeildar í fjölmiðlum, en síðan þá hefur málið reglulega borið á góma á opinberum vettvangi (dómskjal 19).

Þá var á umræddum sjóðfélagafundi í október 2015 ákveðið að kanna forsendur starfsloka hjá sjóðfélögum sem nýtt höfðu sér svokallaða 95 ára reglu – en sú regla felur í sér heimild til töku lífeyris (eftir sextugt) þegar samanlagður lífaldur og starfsaldur er 95. Niðurstaða könnunarinnar var sú að 23% svarenda sögðu að frumkvæði starfsloka hefðu komið frá vinnuveitanda. Hvað varðar þennan 23% hóp þá var oftast um starfsmenn stefnda Landsbankans hf. að ræða (dómskjal 20).

Í lok árs 2015 og í byrjun árs 2016 átti stefnandi fundi með stefndu Landsbankanum hf., Seðlabanka Íslands, Valitor hf. og Reiknistofu bankanna hf. um stöðu Hlutfallsdeildar og mögulega aðkomu fyrirtækjanna að lausn á vanda hennar, en bréf þess efnis var sent þann 16. október 2015 (dómskjal 21). Þá var fjármálaráðuneytið upplýst um stöðu mála og minnt á ábyrgð ríkisins skv. 11. gr. laga nr. 50/1997 með bréfi 1. febrúar 2016 (dómskjal 23). Á framangreindum fundum kom fram lítill áhugi, annarra en Seðlabankans, á samningum um leiðréttingu á stöðu Hlutfallsdeildar. Ekkert svar barst frá fjármálaráðuneytinu.

Því ályktaði sjóðfélagafundur Hlutfallsdeildar stefnanda 6. apríl 2016 að leita lagalegra úrræða til að hnekkja ósanngjörnu uppgjöri á ábyrgð ábyrgðaraðila frá árinu 1997. Voru framangreindir fimm aðilar upplýstir um ályktun sjóðfélagafundarins með bréfum þann 25. apríl 2016 og 24 maí 2016 (dómskjöl 24-25).

Þann 9. ágúst 2016 óskaði stefnandi eftir dómkvaðningu matsmanns til þess að meta fjárhagslegt umfang þess frávíks sem orðið hefði frá þeim tryggingafræðilegu forsendum sem lágu til grundvallar samningi aðila um uppgjör ábyrgðarskuldbindinga stefndu m.v. 31. desember 1997 (dómskjal 26). Matsbeiðnin sætti andmælum nokkurra matsþola, en með dómi Hæstaréttar í máli nr. 62/2017 var fallist á beiðni um dómkvaðningu matsmanns. Var Þórir Óskarsson, tryggingastærðfræðingur, dómkvaddur sem matsmaður 10. mars 2017.

Með matsgerð, dagsettri 23. október 2017, var lagt mat á sex spurningar sem stefnandi lagði fyrir matsmann. Niðurstaðan var afdráttarlaus um að verulega hefði skort á að forsendur Samkomulagsins hefðu staðist, hvort heldur vegna uppgjors á áföllnum skuldbindingum eða ákvörðun á iðgjaldagreiðslu til að standa undir framtíðarréttindum sjóðfélaga.

Í matsgerðinni reiknaði matsmaður fjárhagslegt umfang frávíka frá forsendum Samkomulagsins með því að miða við þær breytingar sem orðið höfðu á forsendum, án úrbóta. Niðurstaða matsgerðarinnar var sú að fjárhagslegt umfang frávíka frá forsendum samningsins næmu um 5,4 milljörðum króna m.v. verðlag í lok árs 2015 og um 8,3 milljörðum króna m.v. þróun kaupgjalds til loka árs 2015 (dómskjöl 28 og 30).

Í kjölfar þess að matsgerð lá fyrir var með bréfi dags. 1. desember 2017 óskað eftir afstöðu aðildarfyrirtækja og fjármálaráðuneytisins til þess hvort að í ljósi niðurstöðu matsgerðarinnar væri vilji til samkomulags um leiðréttingu á forsendubresti án þess að til málaferla kæmi. Tekið skal fram að bréfinu sagði fyrir misskilning að umfang forsendubrestsins væri aðeins 3,1-5,5 milljarðar króna (dómskjal 32).

Stefnanda bærust mismunandi svör frá stefndu við ofangreindu bréfi. Þannig útilokaði stefndi Seðlabankinn ekki viðræður um lausn og stefndi Valitor hf. hefur ekki tekið afstöðu (dómskjöl 33 og 35). Stefndu Reiknistofa bankanna hf. og íslenska ríkið höfnuðu viðræðum (dómskjöl 36 og 34). Svar barst frá stefnda Landsbankanum hf., stærsta aðildarfyrirtækinu, með bréfi dagsettu 13. ágúst 2018 þar sem viðræðum var hafnað (dómskjöl 37).

Rétt er að taka fram að ekki voru sérstök bréfaskipti við Samtök starfsmanna fjármálafyrirtækja vegna stöðu Hlutfallsdeildar stefnanda, en formaður stjórnar stefnanda til vors 2018 er framkvæmdastjóri samtakanna.

Í ljósi þess að takmarkaður vilji er meðal stefndu til að ná samkomulagi og í ljósi þess að tryggingafræðileg staða Hlutfallsdeildar stefnanda var neikvæð um 6,19% í lok árs 2017, þá er stefnandi tilneyddur að höfða dómsmál þetta.

IV. MÁLSÁSTÆÐUR OG LAGARÖK

1. Almennar málsástæður sem styðja allar dómkröfurnar:

Stefnandi telur að Samkomulagið um uppgjör ábyrgðar á skuldbindingum stefnanda hafi verið ósanngjarnt, forsendur þess hafi brostið og stefndu auðgast með óréttmætum hætti á kostnað stefnanda og sjóðfélaga hans.

2. Aðild

Stefnandi málsins er lífeyrissjóður skv. lögum nr. 129/1997 og ber ábyrgð á móttöku iðgjalda, vörslu eigna og útgreiðslu lífeyris skv. 1. og 20. gr. laganna. Stefnandi var aðili að Samkomulaginu og Viðbótarsamkomulaginu og til Hlutfallsdeildar hans runnu þær greiðslur sem þar var samið um.

Í lok árs 2017 voru lífeyrisþegar Hlutfallsdeildar stefnanda 999 þar af 691 kona. Meðalaldur lífeyrisþega var 74 ár og meðallaun 200.595 krónur. Greiðandi sjóðfélagar voru 155 þar af 128 konur. Meðalaldur greiðandi sjóðfélaga var 60 ár og meðaltal mánaðarréttinda hjá stefnanda 297.882 krónur (dómskjöl 39).

Stefndu eru þeir lögaðilar sem voru ábyrgðaraðilar á skuldbindingum stefnanda þegar Samkomulagið var gert, hafa tekið við skyldum þessara aðila eða með aðild sinni að Hlutfallsdeild stefnanda og háttsemi tekist á hendur skuldbindingar samkvæmt Samkomulaginu, sbr. Viðbótarsamkomulagið.

Ábyrgð stefndu á skuldbindingum stefnanda fyrir gerð Samkomulagsins var hlutfallsleg, þ.e. pro-rata, og miðuð við þær skuldbindingar sem stofnuðust vegna starfa sjóðfélaga fyrir stefndu og forvera þeirra. Var skipting greiðslu á almennu uppgjöri áfallinna skuldbindinga skv. Samkomulaginu hlutfallsleg miðað við þetta.

Málinu er beint gegn stefndu á grundvelli 19. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991. Stefnandi telur að honum sé heimilt að beina sjálfstæðum kröfum að hverjum og einum stefnda og að um samrættar kröfur sé að ræða.

2.1 Seðlabanki Íslands, Reiknistofa bankanna hf., Valitor hf. og Samtök starfsmanna fjármálafyrirtækja

Seðlabanki Íslands hefur verið aðildarfyrirtæki Hlutfallsdeildar stefnanda og var aðili að Samkomulaginu.

Reiknistofa bankanna hefur verið aðildarfyrirtæki Hlutfallsdeildar stefnanda og var aðili að Samkomulaginu. Þann 15. desember 2010 var Reiknistofa bankanna hf. stofnuð og tók það félag við réttindum og skyldum Reiknistofu bankanna. (dómskjal nr. 40).

Valitor hf. hefur verið aðildarfyrirtæki Hlutfallsdeildar stefnanda og var aðili að Samkomulaginu, en á þeim tíma hét fyrirtækið Greiðslumiðlun hf. – Visa Ísland. Nafni félagsins var breytt í Greiðslumiðlun hf. og síðan í Valitor hf. (dómskjal nr. 41).

Samband íslenskra bankamanna var aðili að Samkomulaginu en nafni þess félags var síðar breytt í Samtök starfsmanna fjármálafyrirtækja (dómskjal nr. 42).

2.2 Íslenska ríkið

Lánasýsla ríkisins, Fiskveiðasjóður og Iðnþróunarsjóður voru stofnanir / sjóðir í eigu íslenska ríkisins. Þessir lögaðilar voru ábyrgðaraðilar stefnanda og voru aðilar að Samkomulaginu. Þegar þessir lögaðilar hættu rekstri tók ríkið yfir ábyrgð á skuldbindingum þeirra sem stefnanda varðar, sbr. 9. gr. laga nr. 138/2007 um breytingu á lögum nr. 43/1990 um Lánasýslu ríkisins og 9. gr. laga nr. 60/1997 um stofnun Fjárfestingabanka atvinnulífsins hf.

2.3 Landsbankinn hf. og Landsbréf hf.

Stefnandi byggir á því að stefndi, Landsbankinn hf., eigi aðild að máli þessu og beri skyldur sky. Samkomulaginu sem aðildarfyrirtæki Hlutfallsdeildar stefnanda og hafi einnig með háttsemi sinni tekist á hendur skyldur forvera sinna um efndir Samkomulagsins, sbr. ákvæði Viðbótarsamkomulagsins.

Upphaflegi ábyrgðaraðilinn sem stóð að Samkomulaginu var Landsbanki Íslands sem var ríkisbanki. Þann 1. janúar 1998 tók til starfa Landsbanki Íslands hf. sem tók yfir réttindi og skyldur ríkisbankans. Stefndi Landsbankinn hf., tók við innlendri starfsemi Landsbanka Íslands hf. í bankahruninu í október 2008 (upphaflegt nafn þess banka var Nýi Landsbanki Íslands hf. en nafninu var síðar breytt í NBI hf. og að lokum í Landsbankinn hf.).

Þrátt fyrir nýja kennitölu eftir bankahrún ákvað stefndi Landsbankinn hf., án formgerninga eða fyrirvara, að taka stöðu Landsbanka Íslands hf. (og áður Landsbanka Íslands) sem aðildarfyrirtæki að stefnanda, þ.á.m. Hlutfallsdeildar. Þessu fylgdu m.a. þau réttindi að skipa mann í stjórn stefnanda og hafa verulega áhrif á málefni hans eins og t.d. varðandi samþykktarbreytingar (dómskjöl 43 og 48).

Stefndi, Landsbankinn hf., hefur í framkvæmd sýnt að hann telji sig bundin af skuldbindingum vegna Viðbótarsamkomulagsins frá 2006, sem gert var af forvera hans Landsbanka Íslands hf. til leiðréttingar á fráviki launaþróunar frá forsendum Samkomulagsins, og vegna rekstrarkostnaðar Hlutfallsdeildar stefnanda.

Þannig greiddi stefndi, Landsbankinn hf., 27.815.733 krónur, án nokkurs fyrirvara, á árinu 2015 samkvæmt kröfu stefnanda vegna launaþróunar árána 2008-2012 umfram forsendur Samkomulagsins, sbr. Viðbótarsamkomulagið. Sú greiðsla tók bæði til launaþróunar hjá Landsbanka Íslands hf. og stefnda Landsbankanum hf. (dómsskjal 44).

Þá hefur stefndi, Landsbankinn hf., frá árinu 2009 greitt árlegt rekstrarframlag til stefnanda á grundvelli Viðbótarsamkomulagsins og í samræmi við hlutdeild bankans (og forvera hans fyrir árið 2008) í heildarskuldbindingum Hlutfallsdeildar. Greiðslur þessar voru greiddar án fyrirvara fram til 2016, en eftir að stefnandi leitaði eftir samkomulagi um lausn á vanda Hlutfallsdeildar hefur bankinn gert fyrirvara við þessar greiðslur (dómsskjal 45 og 46). Samtals hefur Landsbankinn hf. á árunum 2009-2018 greitt 307,3 milljónir króna til reksturs stefnanda, þ.á.m. 25,2 milljónir króna árið 2009 vegna rekstrarkostnaðar stefnanda árið 2008 (dómsskjal 47).

Þá er ljóst að stefndi Landsbankinn hf. lítur sjálfur svo á að starfsemi bankans sé beint framhald af starfsemi Landsbanka Íslands hf. og Landsbanka Íslands (dómsskjal nr. 49). Skýtur skökku við, ef stefndi Landsbankinn hf. telur að skuldbindingar vegna lífeyrisréttinda falli ekki undir starfsemi bankans.

Stefnandi telur að í ljósi framangreinds, auk almennra skyldna við launþega, þá beri stefndi Landsbankinn hf. skyldur gagnvart þeim sjóðfélögum sem eru og verið hafa starfsmenn stefnda Landsbankans hf. og forvera hans í gegnum tíðina og treysta á bankann varðandi lífeyrisréttindi.

Landsbréf hf. var aðili að Samkomulaginu. Árið 2003 var fyrirtækið sameinað Landsbanka Íslands hf. og tók bankinn við réttindum og skyldum Landsbréfa hf. við þá sameiningu (dómsskjal nr. 50). Að mati stefnanda gilda sömu rök um aðild stefnda Landsbankans hf. og áður voru nefnd varðandi skuldbindingar vegna sjóðfélaga Hlutfallsdeildar sem störfuðu hjá Landsbréfum hf.

2.4 Um varaaðild íslenska ríkisins samkvæmt aðalkröfu og fyrstu og annarrar varakröfu stefnanda og beina aðild íslenska ríkisins samkvæmt þriðju varakröfu stefnanda

Verði ekki fallist á að stefndi Landsbankinn hf. eigi aðild að málinu telur stefnandi að íslenska ríkið beri í stað hans ábyrgð á skuldbindingum Samkomulagsins gagnvart stefnanda á grundvelli 11. gr. laga nr. 50/1997 um stofnun hlutafélaga um Landsbanka Íslands og

Búnaðarbanka Íslands. Aðstaðan er þá sú sama og ef ekki hefði verið gengið frá Samkomulagi um lífeyrisréttindi starfsmanna við hlutafélagavæðingu Landsbanka Íslands.

Stefnandi byggir á því að Samkomulagið hafi verið gert að frumkvæði og síðan með samþykki íslenska ríkisins vegna fyrirhugaðrar formbreytingar og einkavæðingar Landsbanka Íslands. Markmið Samkomulagsins var að lífeyriskjör þáverandi starfsmanna bankans yrðu ekki verri en fyrir breytingu á rekstrarformi bankans. Það var einnig markmið 11. gr. laga nr. 50/1997. Eru þannig uppfyllt skilyrði 2. mgr. 19. gr. laga nr. 91/1991 um varaaðild varðandi aðalkröfu og fyrstu og aðra varakröfu stefnanda. Þá telur stefnandi einsýnt að íslenska ríkið sé aðili að þriðju varakröfu stefnandi, ef á hana reynir.

Stefnandi telur að markmiði Samkomulagsins og 11. gr. laga nr. 50/1997 verði ekki náð nema staðfest verði með dómi að íslenska ríkið beri ábyrgð á lífeyrisskuldbindingum sjóðfélaga Hlutfallsdeildar sem störfuðu í Landsbanka Íslands fyrir 1. janúar 1998 í samræmi við kröfur stefnanda í máli þessu.

Þannig kemur skýrt fram í greinargerð með frumvarpi því sem varð að lögum nr. 50/1997 að markmiðið væri að sem minnst röskun yrði á starfshögum almennra starfsmanna Landsbanka Íslands við breytingu bankans í hlutafélag. Jafnframt kom fram að ekki væri gert ráð fyrir breytingum á lögbundnum réttindum umfram það sem leiddi af lögunum, en skv. 8. gr. laga nr. 113/1996 um viðskiptabanka og sparisjóði bar ríkissjóður ábyrgð á öllum skuldbindingum ríkisviðskiptabankanna, þ.m.t. lífeyrisskuldbindingum.

Þá sagði í greinargerðinni um meginefni frumvarpsins, sem varð að lögum nr. 50/1997:

„Hlutafélagabankarnir taka við öllum eignum, réttindum, skuldum og skuldbindingum ríkisviðskiptabankanna, þar með töldum skattaréttarlegum réttindum og skyldum.

Ríkissjóður ber ábyrgð á öllum skuldbindingum ríkisviðskiptabankanna sem stofnað er til áður en rekstur þerra er yfirtekinn af hlutafélagabönkunum. Þó fellur niður ríkisábyrgð á innlánum öðrum en bundnum innlánum.

Ríkissjóður beri ábyrgð á lífeyrisskuldbindingum ríkisviðskiptabankanna eins og þær eru við formbreytinguna og eins og um semst að öðru leyti“.

Stefnandi vísar til þess, að skv. 2. mgr. 11. gr. laga nr. 50/1997 skyldi greiðsluhlutfall ríkissjóðs og viðkomandi hlutafélagabanka (þ.e. Landsbanka Íslands hf.) vera hið sama og hlutfallslegur starfstími starfsmanns hjá hvorum aðila um sig, ef á ábyrgðina reyndi. Í kjölfar falls Landsbanka Íslands hf. er ljóst að ákvæðið er óframkvæmanlegt varðandi greiðslu frá þeim hlutafélagabanka og er rétt að íslenska ríkið beri hallann af því frekar en sjóðfélagar í Hlutfallsdeild stefnanda.

Þá bendir stefnandi á að frá hlutafjárvæðingu Landsbanka Íslands 1. janúar 1998 og til dagsins í dag, hefur sú starfsemi sem var í ríkisbankanum flust yfir í hlutafélagabanka sem hafa frá þeirri dagsetningu verið lengstan tíma í meirihlutaeigu ríkisins. Þannig átti ríkissjóður um 70% eignarhlut í Landsbanka Íslands hf. allt til loka árs 2002 og hefur átt nánast allt hlutafé í stefnda Landsbankanum hf. frá því í október 2008.

Stefnandi byggir á því að íslenska ríkið hafi þegar viðurkennt að 11. gr. laga nr. 50/1997 eigi við um sambærilegar aðstæður, þ.e. þegar forsendur fyrir samkomulagi um lífeyrisgreiðslur ganga ekki eftir. Er í því sambandi vísað til þess, að við hlutafélagavæðingu Landsbanka Íslands tók Landsbanki Íslands hf. yfir lífeyrisskuldbindingar gagnvart fyrrverandi bankastjórum og aðstoðarbankastjórum ríkisbankans.

Við bankahrunið í október 2008, þegar stefndi Landsbankinn hf. tók yfir innlenda starfsemi Landsbanka Íslands hf., þá tók íslenska ríkið ábyrgð á greiðslum lífeyrisskuldbindinga þessara fyrrverandi æðstu starfsmanna Landsbanka Íslands og maka þeirra á grundvelli 11. gr. laga nr. 50/1997. Þetta kom fram í upphafi bréfs íslenska ríkisins til Landsbankans hf. (sem þá hét NBI hf.), en þar sagði:

„Samkvæmt 1. mgr. 11. gr. i.f. laga nr. 50/1997, um stofnun hlutafélags um Landsbanka Íslands o.fl., ber ríkissjóður ábyrgð á lífeyrisskuldbindingum (eftirlaunaskuldbindingum) Landsbanka Íslands gagnvart tilteknum fv. starfsmönnum bankans; bankastjórum, aðstoðarbankastjórum og mökum þeirra, sem nutu eftirlaunaréttinda með beinum eftirlaunasamningum við bankann við hlutafélagavæðingu hans“ (dómskjal nr. 51).

Að mati stefnanda samræmist það ekki meginreglum laga um jafnræði og forsvaranlega aðstoð vegna elli og örorku, sbr. 65. gr. og 1. mgr. 76. gr. stjórnarskrár, ef talið yrði að 11. gr. laga nr. 50/1997 næði einungis til lífeyriskjara fyrrum bankastjóra og aðstoðarbankastjóra Landsbanka Íslands, en ekki til almennra starfsmanna sem störfuðu hjá Landsbanka Íslands fyrir breytingu bankans í hlutafélag.

Þá byggir stefnandi á því að íslenska ríkið gat ekki skv. ákvæðum 72. gr. stjórnarskrárinnar svipt starfsmenn Landsbanka Íslands, án þess að fullar bætur kæmu fyrir, þeim stjórnarskrárvarða eignarrétti sem fólst í því að lífeyrisskuldbindingar gagnvart þeim báru ríkisábyrgð.

Til viðbótar byggir stefnandi á því, að það sé einnig ósanngjarnt í ljósi jafnræðisreglu 65. gr. stjórnarskrárinnar og lífeyrisréttar skv. 76. gr. stjórnarskrárinnar að íslenska ríkið neiti að taka ábyrgð á lífeyrisskuldbindingum sjóðfélaga stefnanda í ljósi samninga ríkisins við Bandalag háskólamanna, BSRB og Kennarasamband Íslands um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins (LSR), sbr. lög nr. 127/2016. Þar var samið um uppgjör á ábyrgð ríkisins gagnvart LSR með eingreiðslu auk framlags í sérstakan varúðarsjóð ef forsendur myndu ekki ganga eftir. Einnig skuldbatt íslenska ríkið sig til viðræðna um frekari framlög til LSR, ef niðurstaða síðari útreikninga sýndi fram á frekari fjárþörf LSR. Jafnframt var lofað að bregðast við slíkum aðstæðum á þann hátt að markmið samkomulagsins um jafn verðmæt réttindi sjóðfélaga yrðu tryggð, sbr. c-liður viðauka 1 samkomulags um lífeyrismál opinberra starfsmanna. Þannig ber ríkið áfram óbeina ábyrgð gagnvart LSR til þess að sjóðfélagar LSR þurfi ekki að sæta skerðingu ef forsendur útreikninga standast ekki (dómsskjal 56).

Að síðustu telur stefnandi rétt að benda á, að íslenska ríkið beitti sér fyrir afnámi ábyrgðar á lífeyrisskuldbindingum stefnanda fyrir einkavæðingu Landsbankans í því skyni að eyða úr bókum hans óvissri skuldbindingu. Með því fékkst hærra verð við einkavæðingu bankans.

3. Sjónarmið um ráðstöfun sakarefnis

Í bréfi stefnda Landsbankans hf. til stefnanda, dags. 13. ágúst 2018, er dregið í efa að stefnandi eigi lögvarinn rétt á því að gæta hagsmuna sjóðfélaga Hlutfallsdeildar og leita leiðréttingar á ósanngjörnu samkomulagi. Heldur stefndi Landsbankinn hf. því fram að við gerð Viðbótarsamkomulagsins hafi stefnandi kosið að ráðstafa hagsmunum sínum með þeim hætti að falla frá frekari kröfum á hendur aðildarfyrirtækjum, sem tengjast forsendum og uppgjöri skuldbindinga aðildarfyrirtækjanna (dómsskjal 37).

Stefnandi telur að framangreint sjónarmið stefnda Landsbankans hf. eigi ekki við rök að styðjast hvorki með hliðsjón af efni Viðbótarsamkomulagsins né stjórnarskrárvörðum rétti stefnanda að leita úrlausnar dómstóla um réttindi sín, sbr. 70. gr. stjórnarskrárinnar og 6. og 13. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994.

Varðandi efni Viðbótarsamkomulagsins, þá kemur skýrt fram í formála þess að fundur sjóðfélaga í Hlutfallsdeild stefnanda hafi samþykkt heimild stjórnar sjóðsins til að ganga til samninga við aðildarfyrirtækin á ákveðnum grundvelli. Jafnframt segir að tillagan fylgi með samkomulaginu (dómskjal 14).

Fylgiskjal 2 með Viðbótarsamkomulaginu er síðan tillaga stjórnar stefnanda sem samþykkt var á sjóðfélagafundi. Þar segir orðrétt í síðustu málsgrein:

„Lífeyrissjóður bankamanna fellur frá frekari kröfum á hendur aðildarfyrirtækjum, sem tengjast framangreindum forsendum og uppgjöri skuldbindinga aðildarfyrirtækjanna við lífeyrissjóðinn vegna þeirra“ [undirstrikun undirritaðs].

Á undan þessari setningu í tillögunni eru málsgreinar sem tengjast þeim forsendum sem Viðbótarsamkomulagið tók til, þ.e. vegna launahækkana og rekstrarkostnaðar.

Stefnandi telur ljóst að sjóðfélagafundur samþykkti ekki að fallið yrði frá kröfum vegna annarra forsendna en hin samþykkt tillaga tók til. Stefnandi verður ekki skuldbundinn umfram þá heimild sem sjóðfélagafundur veitti stjórn hans.

Jafnframt verður stefnandi ekki um aldur og ævi sviptur málssóknarrétti til að fá breytt ósanngjörnu samkomulagi um mikilsverð stjórnarskrárvarin réttindi.

Stefnandi telur einnig að hin víðtæka túlkun stefnda Landsbankans hf. á Viðbótarsamkomulaginu sé ósanngjörn í ljósi 36. gr. laga um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga nr. 7/1936 (samningalaga) og framangreindra grundvallarreglna um aðgang að dómstólum.

4. Niðurstaða matsgerðar

Í því skyni að staðreyna hvort veruleg frávik hefðu orðið frá forsendum Samkomulagsins og fjárhagslegu umfangi þess, þá aflaði stefnandi matsgerðar. Nokkrir stefndu mótmæltu öflun

matsgerðar, en með dómi Hæstaréttar í máli nr. 62/2017 var fallist á beiðni stefnanda um dómkvaðningu matsmanns.

Þórir Óskarsson, cand. act, tryggingastærðfræðingur, var dómkvaddur sem matsmaður og skilaði hann matsgerð þann 23. október 2017.

Með matsgerðinni leitaði stefnandi efnislega eftir svörum við því hverjar greiðslur ábyrgðaraðila vegna Hlutfallsdeildar hefðu átt að vera fyrir áfallnar skuldbindingar og hvað hefði þurft að vera heildariðgjald lífeyris miðað við þróun á forsendum Samkomulagsins. Óskað var eftir að fjárhæðir yrðu reiknaðar til verðlags miðað við árslok 2015.

Matsmaður reiknaði fjárhagsleg áhrif þeirra frávika þar sem breytingar höfðu orðið frá forsendum Samkomulagsins án þess að úr hefði verið bætt. Í forsendum matsgerðarinnar kom fram að breytingar hefðu orðið á forsendum um aldur við lífeyristöku (þ.m.t. 95 ára reglu), lífslíkum, örorkulíkum og hjúskaparlíkum. Í forsendum matsgerðar kom einnig fram að ekki höfðu orðið breytingar vegna launaþróunar vegna þess að leiðrétt hafði verið fyrir þeim þætti með Viðbótarsamkomulaginu. Jafnframt kom fram í forsendum matsgerðar að ekki hefðu orðið breytingar vegna ávöxtunar (dómskjal nr. 28, bls. 4-6).

Niðurstaða matsgerðar er sú að ábyrgðaraðilar hefðu átt að greiða rúmlega 7,5 milljarða króna fyrir áfallnar skuldbindingar en greiddu um 6,1 milljarða króna miðað við verðlag ársins 1997. Þá hefði nauðsynlegt heildariðgjald til að mæta framtíðarkostnaði við lífeyrisskuldbindingar þurft að vera 20,63% í stað 18,4%, en mismunur á verðmæti þessa iðgjaldahlutfalls nemur 810 milljónum króna miðað við verðlag í lok árs 1997 (dómskjal 28, bls. 8-9).

Í matsgerð eru framangreindar fjárhæðir færðar til verðlags í árslok 2015. Það sýnir, að miðað við breytingu á verðlagi, þá hefðu ábyrgðaraðilarnir átt að greiða 17,9 milljarða króna fyrir áfallnar skuldbindingar en greiddu 14,4 milljarða - eða um 3,5 milljörðum of lága fjárhæð. Þá er verðmæti mismunar vegna lægra iðgjalds 1,9 milljarðar (dómskjal 28, bls. 8-9).

Þannig er niðurstaðan skýr, eins og sjá má af töflu 1. Samkomulagið frá 1997 um uppgjör ábyrgðar ábyrgðaraðila á skuldbindingum stefnanda hallaði á stefnanda sem nemur 5,4 milljörðum króna fært til verðlags í árslok 2015 miðað við breytingu á verðlagi. Miðað við þróun kaupgjalds hallaði á stefnanda sem nemur tæplega 8,3 milljörðum króna (dómskjal 30).

Tafla 1: Samantekt - Fjárhæðir matsgerðar á verðlagi 2015 (í milljónum kr.)

	Uppfært m.v. kaupgj.	Uppfært m.v. verðlag	Svar í matsg.
Hver hefði greiðsla v/ áfallinna skuldbindinga þurft að vera	27.644, 1	17.929, 7	2
Hvað var greitt	-22.346, 1	-14.493, 5	3
Vangreitt v/ áfallinna skuldbindinga	5.298	3.436, 2	
Vangreiðsla v/ vanáætlunar iðgjalda	2.966, 3	1.923, 9	6
<i>Samtals hallar á stefnanda</i>	<i>8.264, 3</i>	<i>5.360, 1</i>	

5. Málsástæður fyrir aðalkröfu stefnanda:

5.1 Um kröfugerð stefnanda

Aðalkrafa stefnanda er sú að breytt verði samningi stefnanda og stefndu.

5.1.1 Viðbótargreiðsla skv. A-lið aðalkröfu

Annars vegar er þess krafist að Samkomulaginu verði breytt á þá leið að bætt verði við það viðbótarákvæði um að stefndu greiði viðbótargreiðslu til stefnanda sem verði gjaldkræf 15 dögum eftir að hann gerir kröfu um greiðslu.

Viðbótargreiðsla skv. viðbótarákvæðinu byggir á niðurstöðu matsgerðar dómkvadds matsmanns um fjárhagslegt umfang frávika frá forsendum Samkomulagsins, miðað við verðlag vísitölu til verðtryggingar í september 2018 (en notast er við þá vísitölu í matsgerð). Þess er krafist að viðbótarákvæðið mæli fyrir um greiðslu stefndu í sömu hlutföllum og miðað var við þegar Samkomulagið var gert, en sjá má þá skiptingu í niðurstöðu matsgerðar varðandi spurningu 3 á bls. 8 í matsgerð. Viðbótargreiðslan samanstendur annars vegar af greiðslu vegna vangreiðslu vegna áfallinna skuldbindinga og hins vegar vangreiðslu vegna vanáætlunar heildariðgjalda.

Á töflu 2 má sjá vangreiðslunni skipt á aðildarfyrirtæki miðað við verðlag 1997 (dómskjal 31).

Tafla 2: Vangreiðsla Samkomulagsins m.v. verðlag 1997.

	Til greiðslu skv. matsgerð v. áunninna og 95 ára reglu umfram hluta í eign	Til greiðslu skv. matsgerð v. vanmats iðgjalda	Samtals til greiðslu skv. matsgerð	Greitt 1997 áfallnar skuldb	Greitt 1997 95 ára regla	Samtals greitt 1997	Vangreitt skv. matsgerð miðað við lok 1997
Valitor	120.621.114	34.376.919	154.998.033	66.422.000	11.179.000	77.601.000	77.397.033
Lífeyrissj banka	5.822.897	1.119.510	6.942.407	380.000	119.000	499.000	6.443.407
Landsbréf	40.290.749	46.387.940	86.678.689	36.012.000	921.000	36.933.000	49.745.689
Lánasýsla	12.819.553	1.222.245	14.041.798	5.241.000	462.000	5.703.000	8.338.798
LBI	5.600.040.263	512.339.265	6.112.379.528	4.033.203.000	498.844.000	4.532.047.000	1.580.332.528
Fiskveiðisj	64.685.012	16.335.618	81.020.630	57.436.000	0	57.436.000	23.584.630
SSF	9.482.907	2.052.339	11.535.246	8.353.000	108.000	8.461.000	3.074.246
RB	402.179.320	96.192.631	498.371.951	293.443.000	32.510.000	325.953.000	172.418.951
Seðlabanki	1.232.142.705	92.050.144	1.324.192.849	912.558.000	94.581.000	1.007.139.000	317.053.849
Iðnþróunarsj	60.374.426	5.597.770	65.972.196	46.963.000	2.721.000	49.684.000	16.288.196
Landsvaki	1.326.941	2.423.709	3.750.650	1.429.000		1.429.000	2.321.650
	7.549.785.887	810.098.090	8.359.883.977	5.461.440.000	641.445.000	6.102.885.000	2.256.998.977

Þegar framangreind vangreiðsla vegna Samkomulagsins er reiknuð miðað við verðlag í september 2018, þá er skiptingin eins og sjá má í töflu 3 (dómskjal 31).

Tafla 3: Skipting vangreiðslu miðað við verðlag í september 2018

	Vangreitt m.v. lok 1997 skv. matsgerð tafla III áfallið	iðgjöld	Samtals		Fært til verðlags september 2018 með vísit. neysl. til verðtryggingar (454,8) áfallið	iðgjöld	Samtals
Valitor	43.020.114	34.376.919	77.397.033		107.858.589	86.188.659	194.047.248
Lífeyrissj banka	5.323.897	1.119.510	6.443.407		13.347.897	2.806.798	16.154.695
Landsbréf	3.357.749	46.387.940	49.745.689		8.418.435	116.302.288	124.720.723
Lánasýsla	7.116.553	1.222.245	8.338.798		17.842.383	3.064.372	20.906.755
LBI	1.067.993.263	512.339.265	1.580.332.528		2.677.636.913	1.284.519.833	3.962.156.746
Fiskveiðisj	7.249.012	16.335.618	23.584.630		18.174.480	40.956.114	59.130.594
SSF	1.021.907	2.052.339	3.074.246		2.562.091	5.145.556	7.707.647
RB	76.226.320	96.192.631	172.418.951		191.112.074	241.170.940	432.283.014
Seðlabanki	225.003.705	92.050.144	317.053.849		564.121.747	230.785.036	794.906.783
Iðnþróunarsj	10.690.426	5.597.770	16.288.196		26.802.678	14.034.541	40.837.219
Landsvaki	-102.059	2.423.709	2.321.650		-255.878	6.076.642	5.820.764
			2.256.998.977		3.627.621.409	2.031.050.779	5.658.672.188

Par af Landsbanki og

Landsbréf:

4.086.877.469

Par af Lánasýsla, Fiskveiðisjóður og

Iðnþróunarsjóður:

120.874.568

Kröfugerð stefnanda byggir á því að matsgerð sýni að Samkomulagið var ósanngjarnt, eins og nánar verður rökstutt. Með breytingu Samkomulagsins, í samræmi við aðalkröfu stefnanda, verður niðurstaðan sú að stefndu verður gert að greiða stefnanda sanngjarnt endurgjald fyrir þær lífeyrisskuldbindingar sem ábyrgð þeirra tók til.

Fjárhæð viðbótargreiðslu stefnda Valitor hf. nemur 194.047.248 kr. og samanstandur af vangreiðslu vegna áfallinna skuldbindinga að fjárhæð 107.858.589 kr. og vangreiðslu vegna vanáætlunar iðgjalda að fjárhæð 86.188.659.

Fjárhæð viðbótargreiðslu stefnda Seðlabanka Íslands nemur 794.906.783 kr. og samanstandur af vangreiðslu vegna áfallinna skuldbindinga að fjárhæð 564.121.747 kr. og vangreiðslu vegna vanáætlunar iðgjalda að fjárhæð 230.785.036 kr.

Fjárhæð viðbótargreiðslu stefnda Reiknistofu bankanna hf. nemur 432.283.014 kr. og samanstandur af vangreiðslu vegna áfallinna skuldbindinga að fjárhæð 191.112.074 kr. og vangreiðslu vegna vanáætlunar iðgjalda að fjárhæð 241.170.940 kr.

Fjárhæð viðbótargreiðslu stefnda Samtaka starfsmanna fjármálafyrirtækja nemur 7.707.647 kr. og samanstandur af vangreiðslu vegna áfallinna skuldbindinga að fjárhæð 2.562.091 kr. og vangreiðslu vegna vanáætlunar iðgjalda að fjárhæð 5.145.556 kr.

Fjárhæð viðbótargreiðslu stefnda íslenska ríkisins miðast við hlutdeild Lánasýslu ríkisins, Fiskveiðasjóðs Íslands og Iðnþróunarsjóðs og nemur samtals 120.874.568 kr. Fjárhæðin samanstendur af vangreiðslu vegna áfallinna skuldbindinga að fjárhæð 62.819.541 kr. og vangreiðslu vegna vanáætlunar iðgjalda að fjárhæð 58.055.027 kr.

Fjárhæð greiðslu stefnda Landsbankans hf. miðast við hlutdeild Landsbanka Íslands og Landsbréfa hf., skv. Samkomulaginu og nemur samtals 4.086.877.469 kr. Fjárhæðin samanstendur af vangreiðslu vegna áfallinna skuldbindinga að fjárhæð 2.686.055.348 kr. og vangreiðslu vegna vanáætlunar iðgjalda að fjárhæð 1.400.822.121 kr.

Verði tölulegur ágreiningur um fjárhæð viðbótargreiðslu stefndu, þá áskilur stefnandi sér rétt til þess að krefjast dómkvaðningar matsmanns til að staðreyna slíkt frekar.

5.1.2 Ábyrgð á skuldbindingum skv. A-lið aðalkröfu

Í aðalkröfunni er þess einnig krafist að gerð verði sú breyting á Samkomulaginu að frá og með 1. janúar 2015 beri stefndu ábyrgð á skuldbindingum Hlutfallsdeildar stefnanda umfram eignir á hverjum tíma í samræmi við hlutfall skuldbindinga sjóðfélaga þeirra í Hlutfallsdeild.

Framangreind dagsetning miðast við að tryggja til framtíðar þau réttindi sem sjóðfélagar í Hlutfallsdeild njóta eftir að hafa verið gert að þola 9,65% skerðingu á réttindum sínum í lok árs 2014. Þannig er leitast við að rétta af þá innbyggðu ósanngirni sem felst í Samkomulaginu að setja alla áhættu á þróun skuldbindinga til framtíðar á Hlutfallsdeild stefnanda. Er með þessu reynt að koma í veg fyrir að skerða þurfi frekar lífeyrisréttindi sjóðfélaga í Hlutfallsdeild, en greiðendum iðgjalda fer hratt fækkandi en lífeyrisþegum fjölgandi eins og nánar verður vikið að í kafla IV.5.2.4.

Eins og að framan greinir er ábyrgð stefndu skipt hlutfallslega, þ.e. pro-rata miðað við þær skuldbindingar sem stofnast hafa vegna starfa sjóðfélaga Hlutfallsdeildar fyrir stefndu og forvera þeirra.

Hlutfallsskiptingin má vera stefndu ljós, enda hefur hún tíðkast um langt skeið varðandi Lífbank. Þannig var ábyrgð ábyrgðaraðila skipt með þessum hætti áður en Samkomulagið var gert og við skiptingu greiðslna á almennu uppgjöri áfallinna skuldbindinga skv. Samkomulaginu. Þá má sjá slíka hlutfallsskiptingu í 2. mgr. 11. gr. laga nr. 50/1997. Þessu til viðbótar var í Viðbótarsamkomulaginu mælt fyrir um hlutfallslega skiptingu á milli aðildarfyrirtækja á rekstrarkostnaði Hlutfallsdeildar.

5.1.3 B-liður aðalkröfu

Varðandi B-lið kröfugerðar stefnanda er byggt á því að ef virðulegur dómur telur að stefndi Landsbankinn hf. eigi ekki aðild að máli þessu, þá verði íslenska ríkinu gert að bera skyldur skv. Samkomulaginu. Er nánar um þessa varaðild íslenska ríkisins vísað til umfjöllunar í kafla IV.2.4 um aðild.

5.2 Nánar um málsástæður byggðar á 36. gr. samningalaga nr. 7/1936 og gagnkvæmri trúnaðarskyldu samningsaðila

Stefnandi telur að Samkomulagið hafi verið ósanngjarnt og því beri að breyta á framangreindan hátt með vísan til 36. gr. laga nr. 7/1936.

Stefnandi byggir á því að breyta eigi Samkomulaginu þannig að beitt sé sanngirnismælikvarða til þess að fá fram þá niðurstöðu sem að var stefnt, þ.e. að lífeyrisréttindum sjóðfélaga yrði ekki stefnt í hættu. Með breytingunni má mæta þeirri skerðingu sem sjóðfélagar hafa þegar orðið fyrir og tryggingafræðilegum halla Hlutfallsdeildar stefnanda, auk þess að koma í veg fyrir að sjóðfélagar sæti frekari skerðingu á þeim tíma sem eftir lifir af starfstíma deildarinnar.

Í 36. gr. samningalaga kemur fram að við mat á því hvort samningur teljist ósanngjarn beri að líta til efnis samnings, stöðu samningsaðila, atvika við samningsgerðina og atvika sem síðar komu til. Stefnandi telur að öll þessi atriði, auk heildarmats leiði til þess að Samkomulag aðila sé ósanngjarnt eins og nú verður rökstutt.

5.2.1 Efni Samkomulagsins og atvik við samningsgerðina

Stefnandi telur miklu skipta að þau réttindi sem Samkomulagið varðaði voru lífeyrisréttindi sjóðfélaga, en þau réttindi teljast til eignarréttinda og eru þáttur í almennum launakjörum. Eru slík réttindi tilkomin sem endurgjald fyrir vinnu og fyrir fjárframlag sjóðfélaga. Þá voru þessi réttindi varin af ábyrgðarskuldbindingu, sem einnig telst til eignarréttinda.

Að mati stefnanda voru tildrög og markmið Samkomulagsins skýr. Tildrögin voru þau að eigandi Landsbanka Íslands, íslenska ríkið, ákvað að breyta bankanum í hlutafélag og einkavæða hann. Vegna þessa vildi ríkið losna við óvissa skuldbindingu úr bókum bankans og dótturfélaga hans, s.s. Landsbréfa og Landsvaka, en um 75% af lífeyrisskuldbindingum stefnanda mátti rekja til þessara þriggja aðila. Þá voru sambærileg áform um hlutafjárvæðingu og einkavæðingu fjárfestingalánasjóða ríkisins, þ.e. Fiskveiðasjóðs og Iðnþróunarsjóðs.

Markmið Samkomulagsins var að þáverandi sjóðfélagar stefnanda skyldu vera jafnsettir og fyrir þá breytingu að ábyrgðin var afnumin. Lífeyriskjör þáverandi sjóðfélaga áttu þannig til framtíðar að vera jafntrygg eins og að baki þeim stæði ábyrgð stefndu.

Þessi áhersla á að sjóðfélagar yrðu jafnsettir með lífeyriskjör sín fyrir og eftir breytingu kom vel fram í aðdraganda hennar. Þannig sagði t.d. í greinargerð Landsbanka Íslands um endurskoðun lífeyrismála frá október 1996:

„Grundvallaratriði við útreikning á framtíðar lífeyrisskuldbindingum samfara breyttu kerfi er að skuldbindingar bankans aukist ekki umfram það sem þær eru nú og réttindi starfsmanna rýrni ekki frá því sem nú er“ (dómskjal 5).

Þá settu stjórnarmenn stefnanda, Kjartan Gunnarsson og Benedikt Guðbjartsson, þessi markmið fram með skýrum og sannfærandi hætti á sjóðfélagafundum 29. janúar 1997 og 19. júní 1997 þar sem fjallað var um breytingar á samþykktunum. Þannig er m.a. haft eftir Kjartani

Gunnarssyni, formanni bankaráðs Landsbankans, á fyrrnefnda fundinum að „*ekkert liggur annað fyrir eftir allan útreikninginn en að réttindi verði sambærileg*“. Þá er á sama fundi m.a. haft eftir Benedikt Guðbjartssyni, forstöðumanni lögfræðideildar Landsbanka Íslands, að „*réttindi eru ekki skert heldur gæti verið að þau ykjust heldur*“ (dómskjal 7).

Á fundinum í júní 1997 er m.a. haft eftir Kjartani Gunnarssyni: „*Rétt er að menn átti sig á að vinnuveitendur nálgast málið þannig að tryggja starfsmönnum sínum sambærileg lífeyrisréttindi við það sem þeir hafa í dag eftir að reglugerðinni hefur verið breytt og miðað við það að þeir njóti bestu lífeyrisréttinda sem Íslendingar njóta*“. Þá er m.a. haft eftir Benedikt Guðbjartssyni á sama fundi: „*Ítarlegur útreikningur hefur farið fram á öllum þeim skyldum sem hugsanlega geta fallið á sjóðinn. Í ljós kemur að til að standa undir þeim, eftir að búið er að gera upp það fé sem þarf að leggja fram til að sjóðurinn í dag geti staðið undir sínum skuldbindingum, að þá þurfi innstreymi að vera 18,4% af launum sem greitt er af í lífeyrissjóð. Þessi staðreynd og grundvallarútreikningur sýnir að réttindi sjóðfélaga eru mikil*“ (dómsskjal 8).

Eins og áður sagði fól Samkomulagið í sér að aflétt var ábyrgð stefndu á skuldbindingum stefnanda. Gegn því greiddu stefndu gagngjald í formi annars vegar greiðslu á reiknuðum mismun eigna og skuldbindinga stefnanda vegna áfallinna skuldbindinga og hins vegar í formi hærra hlutfalls lífeyrisðgjalds (14,4%) til að mæta skuldbindingum vegna framtíðarréttinda þáverandi sjóðfélaga stefnanda (hlutfallið var áður 8%). Var stofnuð sérstök deild, Hlutfallsdeild, um þessi réttindi sem uppgjörð varðaði og var hún lokuð fyrir nýjum sjóðfélögum eins og áður kom fram.

Stefnandi byggir á því að Samkomulagið hafi verið óvenjulegt, varðað verulega hagsmuni einstaklinga og öll áhætta á efndum þess hafi verið lögð á hann og þannig óbeint á viðkomandi einstaklinga. Samkomulagið var flókið, varðaði afnám ábyrgðar á lífeyrisskuldbindingum og byggði á áratuga framtíðarmati tiltekinna forsendna.

Samkomulagið var þannig úr garði gert að stór hluti endurgjalds til stefndu kom til strax, þ.e. afnám ábyrgðar, en verðmæti gagngjalds til stefnanda var óvisst. Þrátt fyrir að stefnandi hafi fengið eingreiðslu vegna uppgjörs ábyrgðar og iðgjaldagreiðslur stefndu hafi verið hækkaðar vegna framtíðarréttinda, þá bar stefnandi einhliða áhættu til áratuga af þróun lífeyrisskuldbindinga og þeirra forsendna sem Samkomulagið byggði á.

Stefnandi telur að verðmæti endurgjalds stefndu hafi verið ósanngjarnt gagnvart sér og einnig sú einhliða áhætta sem honum var gert að takast á hendur vegna endurgjaldsins. Þannig hafi efni Samkomulagsins verið óeðlilega hagstætt stefndu.

Þessu til viðbótar telur stefnandi að það hafi verið ósanngjarnt að láta hann einan bera áhættu af Samkomulagi sem gert var fyrir tilstuðlan og vegna hagsmuna íslenska ríkisins og stefndu. Þá telur stefnandi að það hafi verið sérstaklega ósanngjarnt að setja alla áhættu á fullum efndum Samkomulagsins á Hlutfallsdeild stefnanda, enda ljóst að erfitt yrði fyrir lokaða deild að bregðast við frávikum í forsendum.

5.2.2 Atvik sem síðar komu til

Stefnandi byggir á því að Samkomulagið og efndir þess miðuðu við niðurstöður útreikninga varðandi verðmæti eigna, skuldbindinga, iðgjalda og framtíðarskuldbindinga. Þessir útreikningar byggðu á ákveðnum tryggingafræðilegum forsendum, sbr. umfjöllun í málsatvikalýsingu. Fyrir liggur og hefur verið staðfest bæði í framkvæmd og með matsgerð dómkvadds matsmanns að forsendur Samkomulagsins hafa ekki gengið eftir.

Þannig var staðfest með Viðbótarsamkomulaginu að launaþróun hafði farið töluvert umfram forsendur Samkomulagsins. Var samið um úrbætur við launagreiðendur þeirra sjóðfélaga sem þetta átti við um, bæði í formi bóta fyrir liðna tíð og fyrirkomulags til að mæta frekari launaþróun umfram forsendur Samkomulagsins.

Jafnframt liggur fyrir, að þrátt fyrir úrbætur varðandi launaþróun með Viðbótarsamkomulaginu, þá þurfti á árinu 2014 að skerða réttindi sjóðfélaga í Hlutfallsdeild stefnanda um tæp 10% til að mæta halla á tryggingafræðilegri stöðu deildarinnar, þ.e. skuldbindingum (áfallnar og framtíðar) umfram eignir og framtíðariðgjöld.

Þá var með afdráttarlausum hætti staðfest í matsgerð dómkvadds matsmanns, Þóris Óskarssonar, cand. act., tryggingastærðfræðings, að forsendur Samkomulagsins hafa ekki gengið eftir. Miðað við þróun forsendnanna frá lokum árs 1997 til loka árs 2015, þá hallar á stefnanda sem nemur um 5,4 milljörðum króna m.v. þróun verðlags eða 8,3 milljarða króna m.v. þróun kaupgjalds (dómskjöl 28 og 30).

Stefnandi bendir á að eftir að bætt var úr forsendubresti vegna launaþróunar með Viðbótarsamkomulaginu árið 2006, þá hefur það verið veigamikill þáttur frávika frá Samkomulaginu að lífeyristaka hefst fyrr en forsendur Samkomulagsins gerðu ráð fyrir. Það hefur þau áhrif að iðgjöld eru greidd í styttri tíma og lífeyrir greiddur lengur. Hins vegar hefur ávöxtun fjármuna, verið aðeins yfir viðmiði Samkomulagsins, en það er sá þáttur sem stefnandi getur einkum haft áhrif á.

Stefnandi telur að ekkert bendi til þess að viðsnúningur verði á hinni neikvæðu þróun sem orðið hefur á forsendum Samkomulagsins, einkum þegar haft er í huga að lýðfræðileg þróun frá gerð Samkomulagsins er í þá átt að lífeyristaka vari lengur en þar var gert ráð fyrir. Af þeim sökum og í ljósi þess að tryggingafræðilegur halli Hlutfallsdeildar var 6,19% m.v. árslok 2017 (dómskjal 38), þá er ljóst að skerða þarf réttindi sjóðfélaga Hlutfallsdeildar enn frekar ef Samkomulaginu verður ekki breytt.

Stefnandi byggir á því að þar sem forsendur Samkomulagsins hafi ekki gengið eftir hafi markmið þess og efndir ekki orðið með réttum og sanngjörnum hætti. Í ljósi þegar orðinnar og líklegar skerðingar á lífeyrisréttindum í Hlutfallsdeild er ljóst að sjóðfélagar deildarinnar eru ekki jafnsettir og ef áfram hefði verið ábyrgð stefndu á lífeyrisréttindum þeirra.

Stefnandi byggir á því að framkvæmd Samkomulagsins hafi í verulegum mæli vikið frá þeim forsendum sem það byggði á. Það leiddi til þess að gert var sérstakt Viðbótarsamkomulag til að mæta frávikum vegna launaþróunar. Jafnframt hafi þurft að skerða þau réttindi sem stefnandi

átti að geta veitt sjóðfélögum skv. því sem að var stefnt með Samkomulaginu. Þessu til viðbótar er fyrirsjáanlegt að skerða þurfi enn frekar réttindi hjá stefnanda, að öllu óbreyttu.

Af framangreindu telur stefnandi ljóst að verðgildi og skipting endurgjalds á milli aðila reyndist ósanngjarnt þegar horft er til atvika sem síðar hafa komið til. Stefnandi telur að þessi þróun hafi ekki verið aðilum fyrirsjáanleg við gerð Samkomulagsins.

5.2.3 Misjöfn staða aðila

Stefnandi byggir á því að ekki hafi verið jafnræði með aðilum við samningsgerðina og styrkur aðila hafi verið og sé enn í dag mjög mismunandi.

Þá var Samkomulagið gert vegna hagsmuna og frumkvæðis stærsta ábyrgðaraðila stefnanda, Landsbanka Íslands, og íslenska ríkisins, sem lögðu mikið kapp á umrædda breytingu. Samskipti við stefndu vegna Samkomulagsins hvíldi einkum á þriggja manna stjórn stefnanda, en hún var að meirihluta skipuð fulltrúum ábyrgðaraðila, eins og áður kom fram. Þá var þriðji stjórnarmaðurinn lykilstarfsmaður Landsbanka Íslands. Áhrif stefndu var því veruleg á vinnu stefnanda vegna Samkomulagsins.

Að því leyti sem Samkomulagið kallaði á samþykki stefnanda, þá var það í höndum einstaklinga á sjóðfélagafundi, sem höfðu mismunandi bakgrunn og áttu vart annars kost en að treysta orðum stjórnarmanna Lífbank og þeim forsendum sem lagðar voru til grundvallar Samkomulaginu.

Þessu til viðbótar var áhætta á neikvæðri þróun og skerðingu lífeyrisréttinda mun þungbærari fyrir stefnanda og einstaka sjóðfélaga, en byrði stefndu af ábyrgð á skuldbindingum Hlutfallsdeildar stefnanda. Í þessu efni var því ekkert jafnræði með aðilum.

Stefnandi bendir á að samkvæmt matsgerð dómkvadds matsmanns er fjárhagslegt umfang röskunar stefnanda vegna frávika frá forsendum Samkomulagsins á bilinu 5,4 til 8,3 milljarðar króna (m.v. árslok 2015). Sé miðað við lægri töluna þá nemur fjárhæðin um 14% af eignum stefnanda í árslok 2017. Hins vegar nemur sú fjárhæð 0,4% af eignum Landsbankans hf. miðað við árslok 2017 og 0,7% af eignum Seðlabankans m.v. árslok 2017, en þessi tveir aðilar eru langstærstu aðildarfyrirtæki stefnanda. Þá var eigið fé stefnda Landsbankans hf. um 246 milljarðar króna í árslok 2017 og eigið fé Seðlabankans 22 milljarðar króna í árslok 2017. Hagnaður stefnda Landsbankans hf. var 19,7 milljarðar króna á árinu 2017 eða um fimm sinnum hærri fjárhæð en krafa stefnanda um viðbótargreiðslu.

Stefnandi byggir einnig á því að horfa verði til þess að breyting á Samkomulaginu getur vart talist þungbær fyrir gagnaðila í ljósi fjárhagslegs styrks þeirra. Hins vegar myndi breytingin skipta miklu máli fyrir stefnanda og óbeint fyrir sjóðfélaga Hlutfallsdeildar, en lífeyrisþegar fá í dag greitt að meðaltali 200 þúsund krónur í lífeyri (dómskjal 39). Er einsýnt að lífeyrisþegar stefnanda í Hlutfallsdeild mega illa við frekari skerðingum.

5.2.4 Frekari rök stefnanda fyrir því að samkomulagið sé ósanngjarnt

Stefnandi byggir einnig á því að Samkomulagið sé ósanngjarnt þegar öll atvik eru metin í heild. Þannig var um flókið samkomulag að ræða til langs tíma, sem varðaði mikilvæg réttindi einstaklinga sem féllu til á nokkrum áratugum og fjárhagslegt uppgjör fjársterkra lögaðila til að losna við ábyrgð á þessum réttindum.

Markmið samningsaðila var að afnám ábyrgðar stefndu á skuldbindingum stefnanda myndi ekki hafa áhrif á lífeyrisréttindi sjóðfélaga stefnanda – þeir áttu að vera jafnsettir á eftir. Þetta markmið hefur ekki náðst þar sem réttindi hafa nú þegar verið skert um 9,65% og ljóst að skerða þarf réttindin enn frekar ef Samkomulaginu fæst ekki breytt. Þannig hefur verðmæti þess endurgjalds sem stefnandi hlaut við gerð Samkomulagsins ekki verið í samræmi við það sem aðilar stefndu að.

Þá er ljóst að veruleg óvissa er um framtíðarlífeyrisréttindi hjá stefnanda enda greiddu 155 sjóðfélagar til Hlutfallsdeildar en 999 sjóðfélagar þáðu lífeyri m.v. árslok 2017. Miðað við að allir núverandi greiðendur greiði iðgjöld til 70 ára aldurs, þá mun síðasti sjóðafélaginn ljúka greiðslum iðgjald til deildarinnar árið 2038 og árið 2029, eftir um 10 ár, verða einungis 57 greiðandi sjóðfélagar, en lífeyrisþegar þá yfir eitt þúsund (dómskjal 39).

Stefnandi telur að við heildarmat þurfi einnig að hafa í huga að miklu hefur skipt að forsendur sem nátengdar eru ráðningarsambandi sjóðfélaga og stefndu hafa brugðist, þ.e. annars vegar varðandi launahækkanir og hins vegar varðandi starfslok. Brugðist var við forsendubresti vegna launahækkana árið 2006, en ekki hefur verið vilji hjá stefndu að bregðast við neikvæðri þróun forsendna varðandi starfslok.

Stefnandi er þeirrar skoðunar að stefndu hafi frekar en stefnandi getað haft áhrif á starfslok. Þessu til viðbótar, þá hafi stefndu, einkum stefndi Landsbankinn hf., átt frumkvæði að því að sjóðfélagar hæfu töku lífeyris fyrr en forsendur Samkomulagsins gerðu ráð fyrir eins og gerð var grein fyrir í málsvikakafli. Slík háttsemi samræmist ekki meginreglu samningaréttar um gagnkvæma trúnaðarskyldu samningsaðila.

Þá telur stefnandi að gagnkvæm trúnaðarskylda samningsaðila styðji þá niðurstöðu að Samkomulaginu verði breytt þannig að það verði eftir eins og markmið samningsaðila stóð til. Þar skiptir einnig máli eðli þeirra réttinda sem um var samið og sú staðreynd að stefndu eru flestir öflugir fjármálaþjónustuaðilar. Er hlutfall sjóðfélaga stefnda Landsbankans hf. og stefnda Seðlabanka Íslands tæp 90% af lífeyrisskuldbindingum hjá Hlutfallsdeild stefnanda.

Jafnframt telur stefnandi að við mat á sanngirni Samkomulagsins þurfi að horfa til 72. gr. stjórnarskrárinnar og eignaréttarverndar lífeyrisréttinda. Fyrir liggur að ekki var greitt fullnægjandi endurgjald vegna afnáms ábyrgðar stefndu og Samkomulagið hefur skert og mun skerða lífeyrisréttindi sjóðfélaga í Hlutfallsdeild stefnanda.

Að síðustu telur stefnandi að við mat á sanngirni þurfi að horfa til jafnræðisreglu sem kemur fram í 65. gr. stjórnarskrárinnar í ljósi forsögu málsins, eignarhalds stærstu aðildarfyrirtækja stefnanda, 11. gr. laga nr. 50/1997 auk samkomulags þess sem íslenska ríkið gerði um lausn á halla LSR og fjallað var um í kafla IV.2.4 um aðild.

5.3 Nánar um málsástæður um brostnar forsendur

Stefnandi byggir einnig á því að hin sérstöku tilvik máls þessa og ólögfestar meginreglur fjármunaréttar um brostnar forsendur leiði til þess að breyta eigi Samkomulagi aðila í samræmi við aðalkröfu hans. Þannig var það grundvallarforsenda fyrir gerð Samkomulagsins af hálfu stefnanda að þáverandi sjóðfélagar hans væru jafnsettir með lífeyrisréttindi sín eins og að ábyrgðar nyti við og að lífeyrisréttindum til framtíðar væri ekki stefnt í hættu. Var þetta í raun markmið þeirra sem stóðu að Samkomulaginu.

Stefnandi vísar til þess að framangreind grundvallarforsenda hafi verið ákvörðunarástæða hans fyrir gerð Samkomulagsins. Þá verði að telja forsenduna verulega á almennan mælikvarða enda eru lífeyrisréttindi mikilvæg stjórnarskrárvarin réttindi, þáttur í launakjörum og varða mikla fjárhagslega hagsmuni stefnanda og þeirra einstaklinga sem eiga réttindi hjá honum. Jafnframt var stefndu ljós þessi grundvallarforsenda.

Stefnandi telur að það væri ósanngjarnt að leggja áhættu af þeim forsendubresti sem orðið hefur á hann frekar en stefndu, sem eru almennt fjárhagslega sterkir lögaðilar. Er nánar vísað til sjónarmiða um forsendubrest Samkomulagsins í ofangreindri umfjöllun um 36. gr. samningalaga nr. 7/1936.

5.4 Nánar um málsástæður um óréttmæta auðgun

Stefnandi byggir einnig kröfur sínar á hinni ólögfestu auðgunarreglu í íslenskum rétti. Stefnandi telur að stefndu hafi hlotið óréttmæta auðgun vegna ósanngirni Samkomulagsins á þann hátt að stefnandi hlaut tjón af og að stefndu beri að skila þessum ávinningi sínum. Um ósanngirni Samkomulagsins er vísað til 36. gr. samningalaga nr. 7/1936 og sjónarmiða um brostnar forsendur og umfjöllunar um þau atriði hér að framan.

Vegna ósanngirni Samkomulagsins hlaut stefnandi of lágt endurgjald fyrir þær lífeyrisskuldbindingar sem honum var gert að standa skil á samkvæmt Samkomulaginu. Voru annars vegar greiðslur stefndu fyrir áfallnar skuldbindingar of lágar og hins vegar var iðgjald ákveðið of lágt miðað við þau lífeyrisréttindi sem það áttu að mæta. Losnuðu stefndu þannig undan skuldbindingum sínum án þess að þurfa að greiða fyrir þær eðlilegt og sanngjarnt endurgjald. Nemur tjón stefnanda vegna þessa hinni óréttmætu auðgun stefndu.

6. Málsástæður fyrir fyrstu varakröfu stefnanda

6.1. A-liður varakröfu

A-liður fyrstu varakröfu lýtur að því að Samkomulaginu verði breytt með viðbótarákvæði þar sem kveðið er á um að stefndu beri ábyrgð á skuldbindingum stefnanda frá og með 1. janúar 2015.

Með breytingunni er leitast við að koma í veg fyrir að frekari skerðing verði á lífeyrisréttindum hjá stefnanda frá og með 1. janúar 2015, enda myndu lífeyrisskuldbindingar njóta ábyrgðar stefndu.

Munurinn á aðalkröfu og fyrstu varakröfu er að ekki er gerð krafa um viðbótarákvæði við Samkomulagið um viðbótargreiðslu vegna þess forsendubrests sem varð fyrir þessa dagsetningu. Að öðru leyti er um útskýringu á kröfunni og málsástæður vísað til umfjöllunar um A-lið aðalkröfu.

6.2. B-liður varakröfu

Um B-lið fyrstu varakröfu er vísað til umfjöllunar um B-lið aðalkröfu.

7. Málsástæður fyrir annarri varakröfu stefnanda

7.1 A-liður annarrar varakröfu

Önnur varakrafa stefnanda miðar að því að Samkomulaginu verði breytt með viðbótarákvæði þess efnis að stefndu greiði stefnanda sérstaka viðbótargreiðslu vegna uppgjors á ábyrgð stefndu á skuldbindingum við stefnanda, sem falli í gjalddaga 15 dögum eftir að stefnandi gerir kröfu um greiðslu. Um nánari útskýringar á kröfunni er vísað til fyrri umfjöllunar um slíkt viðbótarákvæði um viðbótargreiðslu skv. A-lið aðalkröfu.

Sá munur er á aðalkröfu og annarri varakröfu, að önnur varakrafa felur í sér viðbótarákvæði við Samkomulagið um viðbótargreiðslu en hefur ekki að geyma kröfu um viðbótarákvæði um ábyrgð stefndu frá 1. janúar 2015 á skuldbindingum Hlutfallsdeildar stefnanda umfram eignir í hlutfalli við skuldbindingar vegna sjóðfélaga þeirra í Hlutfallsdeild. Vísað er að öðru leyti til umfjöllunar um málsástæður fyrir A-lið aðalkröfu.

7.2 B-liður annarrar varakröfu

Um B-lið annarrar varakröfu er vísað til umfjöllunar um B-lið aðalkröfu.

8. Málsástæður fyrir þriðju varakröfu stefnanda

Þriðja varakrafa stefnanda er að viðurkennt verði að stefndi íslenska ríkið beri ábyrgð gagnvart stefnanda á lífeyrisskuldbindingum þeirra sjóðfélaga í Hlutfallsdeild stefnanda sem voru starfsmenn Landsbanka Íslands fyrir 1. janúar 1998.

Stefnandi byggir á því að hann eigi augljóslega lögvarða hagsmuni af því að fá viðurkenningardóm um tilvist og efni réttarsambands aðila, þ.e. að stefndi íslenska ríkið beri ábyrgð á lífeyrisskuldbindingum þeirra sjóðfélaga sem voru starfsmenn Landsbanka Íslands fyrir 1. janúar 1998. Viðurkenningarkrafan byggir á 2. tl. 25. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Stefnandi byggir á því að ábyrgð stefnda íslenska ríkisins leiði af 11. gr. laga nr. 50/1997. Af ákvæðinu í heild megi sjá að ábyrgðin taki til heildarlífeyrisskuldbindinga vegna viðkomandi starfsmanna þegar á ábyrgðina reynir.

Stefnandi telur að þar sem ljóst sé að 2. mgr. 11. gr. ákvæðisins um skiptingu á milli íslenska ríkisins og Landsbanka Íslands hf. sé óframkvæmanleg vegna falls hlutafélagabankans, þá verði íslenska ríkið með vísan til 72. gr. og 76. gr. stjórnarskrár að bera hallan af slíku frekar en stefnandi og þeir sjóðfélagar hans sem voru starfsmenn Landsbankans Íslands. Önnur niðurstaða myndi leiða til þess að stjórnarskrárvarin lífeyrisréttindi fyrrum starfsmanna Landsbanka Íslands sem tryggð voru með ríkisábyrgð skv. lögum nr. 113/1996 hefðu verulega verið skert án þess að fullar bætur kæmu fyrir. Jafnframt er fyrirsjáanlegt að lífeyrisréttindi í Hlutfallsdeild stefnanda myndu í framtíðinni verða skert enn frekar.

Stefnandi byggir einnig á því að önnur niðurstaða væri í andstöðu við jafnræðisreglu 65. gr. stjórnarskrár í ljósi þeirrar ákvörðunar stefnda íslenska ríkisins að takast á herðar lífeyrisskuldbindingar fyrrum bankastjóra Landsbanka Íslands (dómsskjal nr. 51).

Að öðru leyti er vísað til sjónarmiða sem fram komu í kafla IV.2.4 varðandi aðild íslenska ríkisins.

Stefnandi telur að niðurstaða um ábyrgð stefnda íslenska ríkisins á skuldbindingum stefnanda muni leiða til málaloka varðandi þann ágreining sem uppi er á milli aðila um ábyrgð íslenska ríkisins á lífeyrisskuldbindingum skv. 11. gr. laga nr. 50/1997. Þá mun niðurstaðan skipta miklu varðandi starfsemi stefnanda og fjárhag hans s.s. ákvarðanir um það hvort þörf sé á frekari skerðingu lífeyrisréttinda og möguleika stefnanda til að greiða út lífeyri.

9. Málskostnaðarkrafa

Málskostnaðarkrafa stefnanda byggir á XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Farið er fram á að við ákvörðun málskostnaðar verði tekið tillit til þess að stefnandi getur ekki nýtt sér greiddan virðisaukaskatt, t.d. af lögmannspóknun og þóknun matsmanns, sem innskatt í starfsemi sinni, sbr. lög nr. 50/1988 um virðisaukaskatt.

V. TILVÍSUN TIL HELSTU LAGAÁKVÆÐA

- Stjórnarskrá lýðveldisins Íslands nr. 33/1944, einkum 65., 70., 72. og 76. gr.
- Almennar meginreglur samninga- og kröfuréttar.
- Lög um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga nr. 7/1936, einkum 36. gr.
- Lög um stofnun hlutafélaga um Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands nr. 50/1997, einkum 11. gr.
- Lög um Fjárfestingarbanka atvinnulífsins nr. 60/1997, einkum 9. gr.
- Lög um Lánasýslu ríkisins nr. 43/1990, sbr. lög nr.138/2007, einkum ákvæði til bráðabirgða.
- Lög um viðskiptabanka og sparisjóði nr. 113/1996, einkum 8. gr. (brottfallin).
- Lög um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997.
- Lög um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins nr. 1/1997, sbr. lög nr. 127/2016.
- Lög um Mannréttindasáttmála Evrópu nr. 62/1994, einkum 6. gr. og 13 gr. sáttmálans.
- Lög nr. 50/1988 um virðisaukaskatt.
- Lög um meðferð einkamála nr. 91/1991.

Varðandi varnarþing er vísað til 1. mgr. 42. gr., sbr. 33. gr. laga nr. 91/1991.

VI. GÖGN SEM STEFNANDI LEGGUR FRAM

Við þingfestingu málsins mun stefnandi, auk stefnu, leggja fram gögn til stuðnings málatilbúnaði sínum s.s. samþykktir (reglugerðir) stefnanda frá ýmsum tímum og tillögu að reglugerð frá 27. maí 1997, skjal með Samkomulaginu, stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnar frá 1995, greinargerð Landsbanka Íslands frá 1996 um endurskoðun lífeyrismála, upplýsingarit um tillögur til nýskipunar lífeyrismála sjóðfélaga stefnanda frá árinu 1997, upplýsingar úr fundargerðum sjóðfélagafunda stefnanda frá árinu 1997, minnisblöð og tryggingafræðileg athugun frá 1998 vegna uppgjörðs á ábyrgðarskuldbindingu, Viðbótarsamkomulagið frá 2006, ýmis bréfaskipti aðila á árunum 2015-2018, minnisblað tryggingastærðfræðings stefnanda frá 5. maí 2015 um reikniforsendur við uppgjör á ábyrgð og samanburð á reynslu og forsendum, upplýsingar úr tryggingafræðilegum athugunum stefnanda, matsbeiðni og matsgerð Þóris Óskarssonar, tryggingastærðfræðings, útreikningar tryggingastærðfræðings stefnanda á viðbótargreiðslu stefndu, niðurstaða könnunar frá nóvember 2015 á starfslokum þeirra sem nýtt hafa sér 95 ára reglu, yfirlit yfir lífeyrisþega og greiðandi sjóðfélaga í Hlutfallsdeild, ýmsar upplýsingar varðandi aðild stefndu, upplýsingar um greiðslur stefnda Landsbankans hf. á rekstrarkostnaði stefnanda og vegna „umfram“ launahækkana, yfirlit yfir greiðslur á rekstrarkostnaði stefnanda, upplýsingar úr ársreikningi stefnanda 2017, upplýsingar úr ársreikningum stefndu Landsbankans hf. og Seðlabankans árið 2017, bréf fjármálaráðuneytisins dags. 29. október 2009 um staðfestingu á ábyrgð ríkissjóðs á eftirlaunaskuldbindingum vegna fyrrverandi bankastjóra og aðstoðarbankastjóra Landsbanka Íslands.

VII. ÁSKILNAÐUR

Stefnandi áskilur sér rétt til að leggja fram frekari gögn af sinni hálfu til fyllingar á málavöxtum, til útskýringar á málsástæðum og í tilefni af málsvörn stefndu. Jafnframt áskilur stefnandi sér rétt til þess að bera fyrir sig nýjar málsástæður og lagarök, eftir því sem tilefni verður til undir rekstri málsins, auk þess að leggja fram útreikninga. Þessu til viðbótar er áskilinn réttur til að óska dómkvaðningar matsmanns og kalla fyrirsvarsmenn aðila og vitni fyrir dóm til skýrslugjafar.

VIII. ÁSKORUN OG FYRIRKALL

Samkvæmt framangreindu er þeim Lilju Björk Einarsdóttur, [REDACTED],
[REDACTED] f.h. Landsbankans hf.; Má Guðmundssyni, [REDACTED],
[REDACTED] f.h. Seðlabanka Íslands; Viðari Þorkelssyni, [REDACTED],
[REDACTED] f.h. Valitor hf.; Friðrik Þór Snorrason, [REDACTED],
[REDACTED] f.h. Reiknistofu bankanna hf.; Friðberti Traustasyni, [REDACTED],
[REDACTED] f.h. Samtaka starfsmanna fjármálafyrirtækja og Bjarna Benediktssyni, kt.
[REDACTED] f.h. íslenska ríkisins stefnt til að mæta þegar málið
verður þingfest í Héraðsdómi Reykjavíkur, Dómhúsinu við Lækjartorg í Reykjavík,
þriðjudaginn 9. október 2018 kl. 10 árdegis, til þess þar og þá, ef ekki verður sátt í málinu, að
sjá skjöl og skilríki í dóm lögð, hlýða á dómkröfur og sókn sakar, svara til saka og leggja fram
gögn af sinni hálfu. Verði ekki sótt dómþing af hálfu stefndu við þingfestingu málsins má búast
við að útivistardómur gangi í málinu. Stefnufrestur er 3 sólarhringar.

Reykjavík, 20. september 2018

f.h. stefnanda


Jónas Fr. Jónsson, lögmaður.

Staðfest að samrit stefnu Lífeyrissjóðs bankamanna, kt. 510169-4259 hefur í dag, þann 21. september 2018, verið birt mér sem lögmanni stefnda, Landsbankanum hf., kt. 471008-0280, sem falið hefur mér að sækja þing fyrir sig við þingfestingu málsins. Fallið er frá stefnufresti.

Reykjavík, 21. september 2018,

Kennitala:

Staðfest að samrit stefnu Lífeyrissjóðs bankamanna, kt. 510169-4259 hefur í dag, þann 21. september 2018, verið birt mér sem lögmanni stefnda, Seðlabanka Íslands, kt. 560269-4129, sem falið hefur mér að sækja þing fyrir sig við þingfestingu málsins. Fallið er frá stefnufresti.

Reykjavík, 21. september 2018,

Kennitala:

Staðfest að samrit stefnu Lífeyrissjóðs bankamanna, kt. 510169-4259 hefur í dag, þann 21. september 2018, verið birt mér sem lögmanni stefnda, Valitor hf., kt. 500683-0589, sem falið hefur mér að sækja þing fyrir sig við þingfestingu málsins. Fallið er frá stefnufresti.

Reykjavík, 21. september 2018,

Kennitala:

Staðfest að samrit stefnu Lífeyrissjóðs bankamanna, kt. 510169-4259 hefur í dag, þann 21. september 2018, verið birt mér sem lögmanni stefnda, Reiknisstofu bankanna hf., kt. 470111-0540, sem falið hefur mér að sækja þing fyrir sig við þingfestingu málsins. Fallið er frá stefnufresti.

Reykjavík, 21. september 2018,

Kennitala:

Staðfest að samrit stefnu Lífeyrissjóðs bankamanna, kt. 510169-4259 hefur í dag, þann 24. september 2018, verið birt mér sem lögmanni stefnda, Samtök starfsmanna fjármálafyrirtækja, kt. 550269-7679, sem falið hefur mér að sækja þing fyrir sig við þingfestingu málsins. Fallið er frá stefnufresti.

Reykjavík, 24. september 2018,

Kennitala:

Staðfest að samrit stefnu Lífeyrissjóðs bankamanna, kt. 510169-4259 hefur í dag, þann 21 september 2018, verið birt mér sem lögmanni stefnda, íslenska ríkinu, kt. 550169-2829, sem falið hefur mér að sækja þing fyrir sig við þingfestingu málsins. Fallið er frá stefnufresti.

Reykjavík, 21 september 2018,

Eiríkur Al. Eggertsson lögmaður f.h. íslenska ríkisins
Kennitala: